# Námsáætlun fyrir stærðfræði - 5. bekkur ÁÍ
## skólaárið 2023-2024

**Kennari:** Ásta Sigurlaug Tryggvadóttir og Íris Arnarsdóttir
**Tímafjöldi:** 7 kennslustundir á viku

| Námsþættir | Hæfniviðmið | Kennsluhættir/leiðir | Námsmat |
|---|---|---|---|
| **Að geta spurt og svarað með stærðfræði** | • Sett fram, meðhöndlað,túlkað og greint einföld reiknilíkön, teikningar og myndrit sem tengjast umhverfi hans og daglegu lífi. | • Nemendur skrifa og sýna útreikninga til að geta kynnt lausnir fyrir öðrum. Þeir taka þátt í umræðum og útskýra aðferðir við lausnir bæði munnlega og skriflega. | Verkefni úr bókum.<br>Kennari metur nemandann jafnt og þétt. |
| **Að kunna að fara með tungumál og verkfæri stærðfræðinnar** | • Valið og notað hentug verkfæri, þar með talin hlutbundin gögn, reiknirit, talnalínu, vasareikna og tölvur, til rannsókna á stærðfræðilegum viðfangsefnum.<br>• Túlkað og notað einföld stærðfræðitákn, þar með talið breytur og einfaldar formúlur, túlkað milli táknmáls og daglegs máls.<br>• Sett sig inn í og tjáð sig, bæði munnlega og skriflega, um ólíkar leiðir við úrlausnir stærfræðiverkefna. | • Nemendur vinna fjölbreytt verkefni og þjálfa þannig færni í að lesa og skilja. Unnið er með stærðfræðitákn og hlutbundin gögn notuð þegar við á. | Verkefni úr bókum<br>Kennari metur nemandann jafnt og þétt. |

| | | | |
|---|---|---|---|
| **Vinnubrögð og beiting stærðfræðinnar** | • Lesið einfaldan, fræðilegan texta og notað upplýsingar, þar sem stærðfræðihugtök koma fyrir | • Áhersla lögð á að nemendur tileinki sér vönduð vinnubrögð, útreikningar settir fram á skipulagðan hátt. | Reiknisbók, vinnubók |
| **Tölur og reikningur** | • Notað tugakerfisrithátt og sýnt að hann skilur sætiskerfi<br>• Tekið þátt í að þróa hentugar aðferðir við reikning með ræðum tölum sem byggja á eigin skilningi.<br>• Leyst viðfangsefni sem sprottin eru úr daglegu lífi og umhverfi, með hugarreikningi, vasareikni, tölvuforitum og skriflegum útreikningum. | • Margföldunartöflur þjálfaðar reglulega yfir skólaárið. Reikniaðgerðir þjálfaðar með skriflegum útreikningum, hugarreikningi og kennsluforritum. | Könnun eftir hvern kafla |
| **Rúmfræði og mælingar** | • Rannsakað og greint tvívíð og þrívíð form, teiknað einfaldar flatar- og þrívíddarmyndir, speglað, snúið og hliðrað flatarmyndum við rannsóknir á mynstrum sem þekja flötinn. | • Nemendur læra að nota gráðurboga. Nota hlutbundin gögn við að læra mælieiningar. | Könnun eftir hvern kafla |
| **Tölfræði og líkindi** | • Safnað og unnið úr gögnum, miðlað uppýsingum um þau | • Nemendur nota tölfureikni til að vinna úr gögnum. Nemendur vinna í hópum og | Könnun eftir hvern kafla<br>Reikningsbók |

| | | | |
|---|---|---|---|
| | m.a. með töflum og myndritum<br>• Gert einfaldar tölfræðirannsóknir og dregið einfaldar ályktanir af þeim | pörum við að safna gögnum og setja upp á myndrænan hátt. | |

**Námsgögn:**
Stika 1a nemendabók.
Stika 1b nemendabók.
verkefni frá kennara, margvísleg spil, verkefni í Seesaw, umræður og leikir.

**Lokanámsmat:**
Að ofan er búið að lista upp þau hæfniviðmið sem verður unnið með þetta skólaár. Nemendur fá endurgjöf frá kennara um framgöngu í námi með fjórum hæfnistáknum og safna þannig á hæfnikort sitt.